

Hvalfjarðarsveit
Innrimel 3, Melahverfi
301 Akranes

Reykjavík, 25. nóvember 2021
UST202111-133/B.S.
10.04.02

Efni: Skipulagstillaga. Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020 – 2032. Umsögn

Vísað er til erindis Hvalfjararsveitar dags. 10. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda skipulagstillögu.

Umhverfisstofnun telur margt mjög gott í tillöggunni og má þar nefna áherslur um vernd landbúnaðarlands, frágang raskaðara svæða og skilgreining á hvað teljist framkvæmdir sem eru heimilar án þess að landnotkunin sé afmörkuð sérstaklega í aðalskipulagi.

Einnig er jákvætt að flokka jarðveg m.t.t. gæða þar sem skilgreint verður úrvals landbúnaðarland með takmörkuðum byggingaheimildum. Mjög jákvætt er að sett séu almennir skilmálar um skógrækt sem byggist á að vernda vistgerðir sem fyrir eru s.s. votlendi og að tillit sé tekið til líffræðilegrar fjölbreytni og landslags. Það er ekki alltaf skilningu á því að skógrækt hlýtur alltaf að breyta því vistkerfi sem gróðursett er í og því þarf að huga að þeim gæðum sem mögulega er verið að spilla með breytti landnýtingu.

Varðandi efnistökusvæði þarf að mati Umhverfisstofnunar að leggja sérstaka áherslu á frágang stórra náma sunnan við Akrafjall. Þarna þarf að vanda til verka við að aðlaga efnistökusvæðin að hlíðum fjallsins. Frágangur þarna getur orðið kostnaðar – og vandasamur og því ástæða til að huga að áætlun um frágang í tíma því best getur verið þegar séð er fyrir endann á efnistökunni að saman fari efnisnám og frágangur sem auðveldað getur lokafrágang á svæðum þar sem nú stendur eftir hátt stál sem erfitt getur verið að fella að landi svo vel sé.

Markmið aðalskipulagsins eru mjög góð og sett fram með skýrum hætti.

Virðingarfyllst


Björn Stefansson
Sérfraeðingur


Agnes Porkelsdóttir
Sérfraeðingur